

REGLUGERÐ

um veiðar úr úthafskarfastofnum árið 2016.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa vestan 22. gráðu vestlægrar lengdar úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur tekur reglugerð þessi til úthafskarfaveiða fiskskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftирgreindra punkta:

1. $64^{\circ}17'N - 30^{\circ}23'V$ (við miðlínú milli Íslands og Grænlands).
 2. $64^{\circ}45'N - 28^{\circ}30'V$
 3. $62^{\circ}50'N - 25^{\circ}45'V$
 4. $61^{\circ}55'N - 26^{\circ}45'V$
 5. $61^{\circ}00'N - 26^{\circ}30'V$
 6. $60^{\circ}48'N - 26^{\circ}51'V$ (við lögsögumörk á Reykjaneshrygg).

Pá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1f, 2g, 2h, 2j og 3k á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO. Á árinu 2016 eru veiðar á úthafskarfa óheimilar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar.

2. gr.

Íslenskum fískiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

3. gr.

Fyrir tímabilið 1. janúar 2016 til 31. desember 2016 er leyfilegur heildaraflí sem hér segir:

A	B	C
Lestir	Lestir	Lestir
2.637	140	2.497

- A. Leyfilegur heildarafli.
 - B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).
 - C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeilda.

Veiðar á úthafskarfa eru heimilar frá og með 10. maí og til og með 1. júlí og eru einungis leyfðar innan svæðis sem markast af eftirsarandi punktum:

1. $64^{\circ}45'N - 28^{\circ}30'V$
 2. $62^{\circ}50'N - 25^{\circ}45'V$
 3. $61^{\circ}55'N - 26^{\circ}45'V$
 4. $61^{\circ}00'N - 26^{\circ}30'V$
 5. $59^{\circ}00'N - 30^{\circ}00'V$
 6. $59^{\circ}00'N - 34^{\circ}00'V$
 7. $61^{\circ}30'N - 34^{\circ}00'V$
 8. $62^{\circ}50'N - 36^{\circ}00'V$
 9. $64^{\circ}45'N - 28^{\circ}30'V$

Stundi skip veiðar með flotvörpu á svæði, sem skilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar, reiknast allur karfaafli skipsins til aflamarks skipsins í úthafskarfa samkvæmt reglugerð bessari.

Á grundvelli aflahlutdeildar í úthafskarfa skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki, eins og skilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Ákvæði 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð. Þó er heimilt að flytja allt að 5% af aflamarki úthafskarfa frá einu fiskveiðíári yfir á það næsta. Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark í úthafskarfa, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðíárs á eftir.

5. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar Eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslensku lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar nr. 285/2014, um veiðiefstirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), með síðari breytingum.

7. gr.

Stundi skip úthafskarfaveiðar og almennar togveiðar í lögsögu Íslands í sömu veiðiferð skal halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 59% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,86.

8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafla í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafla skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands.

9. gr.

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

Nr. 1113

15. desember 2015

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, með síðari breytingum, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin tekur gildi 1. janúar 2016. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1/2015, um veiðar úr úthafskarfastofnum 2015.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 15. desember 2015.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Baldur P. Erlingsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. desember 2015